



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 10. janúar 2020
1501005 SB

Efni: Málefni skíðasvæðanna

Á 480. stjórnarfundum SSH, þann 6. janúar s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Tekin er til umræðu staða og næstu skref er varðar framkvæmdir á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum.
- b) Tillaga að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á fundi stjórnar SSH 4. nóvember 2019 var framkvæmdastjóra falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.
- c) Viðauki við erindissbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
- d) Önnur gögn er málið varðar.

Skv. minnisblaði framkvæmdastjóra er staðan á verkefni sú að Veitur hafa afturkallað kæru sína vegna matsskyldu framkvæmda á skíðasvæðunum með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála frá 9. desember 2019. Ástæða afturköllunar byggist á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem Veitur hafa talið nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Í því efni er m.a. fjallað um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og ákvörðun veitna sveitarfélaganna að setja upp sírita í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins og borun á fjórum nýjum rannsóknarholum í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna á skíðasvæðinum verður tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu hjá Kópavogsbæ þann 6. janúar. Athugasemda- og kærufrestur er til 17. febrúar 2020. Að því gefnu að framkvæmdaleyfi verði gefið út um miðjan febrúar 2020 er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út fyrsta áfanga framkvæmdanna. Á þeim tímapunkti verða útboðsgögn endanlega tilbúin og útboð getur farið fram.

Að framgangi verkefnisins hefur verkefnahópur starfað á undanförunum misserum. Lagt er til að verkefnahópurinn starfi áfram og sinni fyrst og fremst samræmingar og eftirlitshlutverki með



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

framkvæmdinni. Ráðinn verði verkefnastjóri framkvæmdanna til að halda utan um stjórn og eftirlit með verkefninu (sjá viðauka erindisbréf).

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa fyrirliggjandi drögum að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að viðauka við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbygginga og reksturs skíðasvæðanna frá 5. mars 2018 og að fulltrúa samstarfsnefndar skíðasvæðanna verði boðin sæti í verkefnahópnum.

Óskað er eftir að viðaukinn við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðsla málsins óskast sent á ssh@ssh.is

Virðingarfyllt,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7.maí 2018.
- 2) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt fylgigögnum sem lögð voru fyrir 480. fund stjórnar SSH þann 6. janúar 2020

VIÐAUKI

við samkomulag um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sameiginlegir rekstraraðilar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, þ.e. sveitarfélögin Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Frá því að greint samkomulag var undirritað hafa orðið tilteknar breytingar á áætlunum er varðar m.a. tímasetningar og fjármögnun.

Framangreindir aðilar samþykkja eftirfarandi breytingar á samkomulagi um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

1. gr. Tímasetningar framkvæmda

Breytingar á gr. 2.1. í samkomulagi:

Bláfjöll:

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Drottning“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2022-2023 í stað 2019-2020.

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Gosi“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2020-2021 í stað 2022-2023.

Áætluð tímasetning framkvæmda á stólalyftu í Eldborgargili breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2024-2025 í stað 2023-2024.

Framkvæmdir vegna nýrrar toglyftu úr Kerlingadal verður seinkað til ársins 2024.

Skálafell:

Notuð stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðsköpunum á endastöðvum. Áætluð tímasetning framkvæmda verður 2021-2022.

2. gr. Snjóframleiðsla

Breytingar á gr. 2.2 í samkomulagi:

Í ákvæði um 2. áfanga snjóframleiðslu fellur út eftirfarandi texti „eða suðursvæði í Bláfjöllum“.

Í ákvæði 2.3. dettur út eftirfarandi texti „ auk þess sem annar áfangi snjóframleiðslu nýtist til að treysta snjólög á gönguleiðum og lengja tímabil fyrir gönguskiðafólk“.

3. gr.
Framkvæmdakostnaður

Breytingar á 3. gr. í samkomulagi:

Fylgiskal 1 með samkomulaginu er felld úr gildi og í stað þess kemur nýtt fylgiskal (fskj. 1) með uppfærðum framkvæmdarkostnaði og dreifingu kostnaðar.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er nú áætlaður 4.158 m.kr. Nánari sundurliðun vísast til nýs fylgiskjals 1 með viðauka þessum.

Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir í samræmi við uppfærðar tímasetningar framkvæmda, sbr. 1. gr. viðauka þessa og uppfærðar kostnaðaráætlun sbr. nýtt fylgiskjal (fskj. 1) með viðauka þessum.

4. gr.
Umsjón og eftirlit og stjórnun

Breytingar á 4. gr. í samkomulagi:

3. mgr. 4. gr. samkomulags er felld úr gildi og í stað hennar kemur ný setning svohljóðandi:

„Dagleg verkefnastjórn verður í höndum verkefnastjóra, sem ráðinn verður til verkefnisins, í samráði við framkvæmdarstjóra skíðasvæðanna auk aðkeyptrar þjónustu verkfræðistofa og sérstakra eftirlitsaðila sem þörf er á hverju sinni. Þá verður að störfum verkefnahópur sem mun sinna almennu samræmingarstarfi, eftirliti og eftirfylgni með uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins skv. fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun (fskj.1) og þeim áætlunum sem síðar verða samþykktar vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.

Kópavogi, ___ janúar 2020

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

Fylgiskjöl:

Fskj 1: Uppfærð framkvæmdaráætlun 2018- 2025 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsv., dags. xx

DRÖG

Fylgiskjal 1 Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Möguleg tímasetning uppbyggingar 2018 - 2025

Snjóframleiðsla og endurnýjun á stólalyftum

	2018 m.kr	2019 m.kr	2020 m.kr	2021 m.kr	2022 m.kr	2023 m.kr	2024 m.kr	2025 m.kr	SAMTALS m.kr
A Undirbúningur framkvæmda	32.00								32.00
B Snjóframleiðsla									0.00
1. áfangi. Bláfjöll		5.00	349.00						354.00
2. áfangi Skálafell					260.00				260.00
C Skíðalyftur									
Bláfjöll									
Ný drottning					420.00	742.20			1,162.20
Nýr Gosi		5.00	420.00	610.00					1,035.00
Eldborgargil 1)							140.00	370.00	510.00
Kerlingadalur, toglyfta							146.00		146.00
Skálafell									
Endurnýjuð stólalyfta 1)				310.00	349.00				659.00
SAMTALS	32.00	10.00	769.00	920.00	1,029.00	742.20	286.00	370.00	4,158.20

Áætluð framlög sveitarfélaga 2019 - 2024:	Hlutfall	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr
Reykjavík	56.5%	5.65	434	520	581	419	162	209	2,349
Kópavogur	16.2%	1.62	125	149	167	120	46	60	674
Hafnarfjörður	13.1%	1.31	101	121	135	97	37	48	545
Garðabær	7.2%	0.72	55	66	74	53	21	27	299
Mosfellsbær	5.0%	0.50	38	46	51	37	14	19	208
Seltjarnarnes:	2.0%	0.20	15	18	21	15	6	7	83

1) Gert er ráð fyrir að keypt verði notuð lyfta

NB: Gert er ráð fyrir 2 ára framkvæmdatíma við hverja lyftu, kostnaði skipt milli ára mv. hlutföll verkþátta hvers árs.

NB: Kostnaðartölur ber að skoða á þessu stigi með talsverðri óvissu þar sem hvorki hönnun né endanleg verð liggja fyrir



MINNISBLAÐ

TIL: STJÓRNAR SSH

FRÁ: PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FYRIR HÖND VERKEFNAHÓPS UM UPPBYGGINGU OG REKSTUR
Á SKÍÐASVÆÐUNUM.

EFNI: UPPBYGGING Á SKÍÐASVÆÐUNUM.

DAGS: 2. JANÚAR 2020.

Staða verkefnis og næstu skref er varða uppbyggingu á skíðasvæðunum.

- 1) Veitur hafa afturkallað kæru sína vegna matsskyldu Bláfjallavegar með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála frá 9. desember 2019. Ástæða afturköllunar byggist á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem Veitur telja nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Í því efni er m.a. fjallað um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og ákvörðun veitna sveitarfélaganna að setja upp sírita í holu núverandi vinnsluholu skógarsvæðisins og borun á fjórum nýjum rannsóknarholum í því skyni að styrkja grunnvatns-og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.
- 2) Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna á skíðasvæðinum verður tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu hjá Kópavogsbæ þann 6. janúar n.k. Athugasemda- og kærufrestur er til 14. febrúar 2020.
- 3) Að því gefnu að framkvæmdaleyfi verði gefið út um miðjan febrúar 2020 er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út fyrsta áfanga framkvæmdanna. Á þeim tímapunkti verða útboðsgögn endanlega tilbúin og útboð getur farið af stað.
- 4) Að framgangi verkefnisins hefur verkefnahópur starfað á undanförunum misserum. Lagt er til að verkefnahópurinn starfi áfram og sinni fyrst og fremst samræmingar og eftirlitshlutverki með framkvæmdinni. Ráðinn verði verkefnastjóri framkvæmdanna til að halda utan um stjórn og eftirlit með verkefninu (sjá viðauka erindisbréf).

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru eftirfarandi gögn:

- a) Bréf Veitna frá 9. desember er varðar afturköllun kæru.
- b) Fjárhagsáætlun 2020 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins sem samþykkt var á eigendavettvangi skíðasvæðanna 4. nóvember 2019.
- c) Tillaga að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á fundi stjórnar SSH 4. nóvember 2019 var framkvæmastjóra falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.
- d) Vinna þarf viðauka við samstarfssamning sveitarfélaga um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er rekstrarkostnaður vegna nýrra mannvirkja liggur betur fyrir. Áætlanir um hann liggja fyrir í fjárhagsáætlun 2020.
- e) Viðauki við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Önnur gögn til upplýsinga:

- f) Samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. nóvember 2016.
- g) Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.
- h) Erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 5. mars 2018.



Páll Björgvin Guðmundsson

framkvæmdastjóri SSH



Reykjavík, 09.12.2019
/es

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Efni: Afturköllun kæru vegna matsskyldu Bláfjallavegar

Með erindi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 31. maí 2019, kærðu Veitur ohf. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. apríl 2019 um að fyrirhugaðar framkvæmdir við skíðasvæðið í Bláfjölum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Kæran byggði fyrst og fremst á því að þær framkvæmdir sem að mati kæranda myndu valda hvað mestri hættu á mengun vatnsbóla væru fyrirhugaðar áður en grunnvatnsrannsóknir sem og mótvægisáðgerðir væru fyrirhugaðar. Það töldu Veitur ohf. með öllu óásættanlegt og kröfðust þess því að ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin teldist ekki matsskyld yrði felld úr gildi og ákveðið að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum

Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá kæru hafa Veitur ohf. átt í miklum samskiptum og samráði við Vegagerðina og fleiri aðila sem standa að fyrirhuguðum framkvæmdum. Komist hefur verið að samkomulagi um ýmsar mótvægisáðgerðir sem Veitur ohf. telja nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Þannig hyggst Vegagerðin ráðast í eftirfarandi framkvæmdir, sbr. tölvubréf Vegagerðarinnar til Veitna ohf. þann 2. desember sl.:

- Lækka leyfilegan hámarkshraða á Bláfjallavegi (417) og Bláfjallaleið (407) að skíðasvæði í 70 km/klst. Verður þetta gert núna í desember 2019.
- Loka Bláfjallavegi (417) frá Bláfjallaleið(407) að hellinum Leiðarenda í Hafnarfirði. Gert í samráði við sveitarfélögin Hafnarfjörð og Kópavog. Þetta verður jafnframt gert núna í desember.
- Lagfæra hliðarsvæði vegarins til að minnka líkur á bílveltum og öðrum umferðaróhöppum sem haft gætu í för með sér mengun á grunnvatni. Vegagerðin mun leitast við að verða við þeim viðbótarframkvæmdum sem Veitur hafa óskað eftir, eftir því sem fjármagn dugar til. Haft verður samráð við Veitur og heilbrigðiseftirlit höfuðborgarsvæðisins við val á efni í vegfláa. Í fyrirbyggjandi drögum að samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir 50 m.kr. í þetta verkefni á árinu 2020. Reiknað er með að það fari langt með að duga til lagfæringa á vegsvæði en ef þörf verður á mun Vegagerðin leita leiða til að tryggja fjármagn til að ljúka framkvæmdum á sem stystum tíma. Hafa verður þann fyrirvara á að samgönguáætlun hefur ekki verið samþykkt á Alþingi.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig samþykkt á fundi sínum þann 2. desember sl. að árið 2020 verði settur upp síriti í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins BF-03 og hafinn undirbúningur vegna borunarframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum. Einnig að árið 2021 verði í boraðar fjórar nýjar rannsóknarholur og settir upp síritar í þær holur og snjóframleiðsluholu í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu.



Vegna framangreindra mótvægisáðgerða telja Veitur ekki lengur vera grundvöll fyrir þeim kröfum sem gerðar eru í kærinni frá 31. maí sl. og draga kærana því hér með formlega til baka.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir
lögmaður

Fjárhagsáætlun 2020 fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Í forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar árið 2020 er spáð 3,2 % hækkun á neysluvísitölu og hækka rekstrarframlög sveitarfélaganna um 3,2% á milli ára. Auk þess kom aukafjárveiting upp á 5,8 mkr inn í framlögin fyrir árið 2020. Sjá fskj.1.

Gjaldskrá skíðasvæðanna er hækkuð um 2,5%. Fjölskylduafsláttur sem veittur var í fyrsta sinn haustið 2018 verður áfram.

Í launaáætlun er gert ráð fyrir hækkun upp á 3,2% hækkun en sú upphæð kemur til með að breytast þegar að kjarasamningar liggja fyrir.

Annar rekstrarkostnaður er ekki bættur á milli ára. Þó hefur 3,8 mkr verið bætt inn á lið óráðstöfuð fjárhagsáætlun 2020.

Fjárfestingarframlag skíðasvæðanna er 75 mkr, auk þess er viðbótafjárfesting vegna samkomulags um uppbyggingu í Bláfjöllum á árunum 2019 – 2024.

Fjárhagsáætlun SHB 2020	
Tekjur	Áætlun 2020
Miðasala	-100.782.331
Mótastyrkur	-14.000.000
Framlög sveitarfélaganna	-184.148.356
Veitingasala - tekjur	-15.626.304
Skíðaleiga - tekjur	-25.142.887
Skíðakennsla - tekjur	-1.000.000
Tekjur alls:	-340.699.878
Launakostnaður:	185.499.640
Brekkur og svæði	14.572.708
Bílastæði	8.735.989
Fasteignir	15.051.232
Lyftur	37.769.076
Tæki	15.970.390
Troðarar	21.362.452
Veitingasala	10.433.560
Almennur rekstur	23.452.500
Markaðsmál	4.819.820
Skíðaleiga	1.380.015
Skíðakennsla	1.652.495
Annar rekstrarkostnaður:	155.200.238
Fjárfesting	75.000.000

Framlög sveitarfélaganna til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2020 eru 184 mkr og fjárfestingaframlög sveitarfélaga eru 75 mkr. Skiptingu á milli sveitarfélaga sést nánar í töflum.

Tillaga að rekstrarframlagi Skíðasvæðanna árið 2020.

	Íbúar skv. hagstofu	Hlutfall	Framlag 2019	Viðbót 2019*	Alls:	Framlag 2020
Reykjavík	128.793	56,5%	97.499.620	3.300.000	100.799.620	104.025.208
Kópavogur	36.975	16,2%	27.991.028	947.392	28.938.420	29.864.450
Seltjarnarnes	4.664	2,0%	3.530.768	119.503	3.650.272	3.767.080
Garðabær	16.299	7,1%	12.338.763	417.621	12.756.384	13.164.589
Hafnarfjörður	29.799	13,1%	22.558.611	763.525	23.322.136	24.068.444
Mosfellsbær	11.463	5,0%	8.677.786	293.711	8.971.497	9.258.585
	227.993	100%	172.596.576	5.841.753	178.438.329	184.148.356

* sjá fskj 1.

Fjárfestingarframlög sveitarfélaga							
Allar fjárhæðir eru í þús.kr							
Sveitarfélag	Íbúar	Hlutf.	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Reykjavík	128.793	56,5%	42.367	42.367	42.367	42.367	42.367
Kópavogur	36.975	16,2%	12.163	12.163	12.163	12.163	12.163
Seltjarnarnes	4.664	2,0%	1.534	1.534	1.534	1.534	1.534
Garðabær	16.299	7,1%	5.362	5.362	5.362	5.362	5.362
Hafnarfjörður	29.799	13,1%	9.803	9.803	9.803	9.803	9.803
Mosfellsbær	11.463	5,0%	3.771	3.771	3.771	3.771	3.771
	227.993	100%	75.000	75.000	75.000	75.000	75.000

Gjaldskrá Skíðasvæðanna fyrir árið 2020. Almenn hækkun á gjaldskrá er 2,5% á alla liði. Í töflu má sjá verð ársins 2019 oo 2020.

Gjaldskrárbreyting Skíðasvæðanna	2019	2020
Þjónustubáttur:	Verð pr. mán. - fyrir	Verð pr. mán. - eftir
Hart kort	1.000	1.000
Hart kort - Skilagjald	-500	-500
Dagskort fullorðinna	3.950	4.050
Dagskort unglinga	1.500	1.540
Dagskort barna	990	1.010
1 klst fullorðinna	2.050	2.100
1 klst unglinga	710	730
1 klst barna	455	460
2 klst fullorðinna	2.550	2.600
2 klst unglinga	950	970
2 klst barna	570	580
3 klst fullorðinna	2.930	3.000
3 klst unglinga	1.150	1.180
3 klst barna	630	640
2 daga kort fullorðnir	7.110	7.300
2 daga kort unglinga	2.700	2.780
2 daga kort barna	1.780	1.830
3 daga kort fullorðnir	10.070	10.350
3 daga kort unglinga	3.825	3.930
3 daga kort barna	2.525	2.600
Vetrarkort fullorðnir	35.800	36.700
Vetrarkort - tilboð	31.000	31.800
Vetrarkort unglingar	15.600	16.000
Vetrarkort börn	8.800	9.050
Æfingakort	8.800	9.050
Vetrarkort á Göngusvæði	12.250	12.600
Vetrarkort á Göngusvæði tilboð	9.100	9.330
Dagur á göngusvæði	1.050	1.080
Fullorðnir Barnalyftur	1.150	1.180
Skíði, skór og stafir - fullorðnir	5.300	5.440
Skíði, skór og stafir - börn	4.700	4.820
Stafir	1.200	1.200
Gönguskór og skíði	4.700	4.820
Snjóbretti og skór - fullorðnir	5.300	5.430
Snjóbretti og skór - börn	4.700	4.820
Stakir hlutir - fullorðnir	3.200	3.300
Stakir hlutir - börn	2.800	2.880

Fjölskylduafsláttur sem veittur var í fyrsta sinn haustið 2018 verður haldið áfram árið 2020. Afsláttur sem er veittur fyrir þá sem kaupa fjölskyldukort í nóvember.

Nettilboð á fjölskyldu vetrarkortum í nóvember			
	2019	2020	Afsláttur af fulluverði
2 fullorðnir og....			
1 ungmenni	65.400	72.000	-19,5%
1 barn	60.300	66.000	-20,0%
1 barn og 1 ungmenni	72.000	78.800	-20,0%
Hvert ungmenni til viðbótar	12.750	13.100	-18,1%
Hvert barn til viðbótar	7.300	7.500	-17,1%
1 fullorðinn og....			
1 ungmenni	38.550	42.200	-19,9%
1 barn	33.450	36.600	-20,0%
1 barn og 1 ungmenni	45.150	49.400	-20,0%
Hvert ungmenni til viðbótar	12.750	13.100	-18,1%
Hvert barn til viðbótar	7.300	7.500	-17,1%

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Miðað við eftirfarandi drög að framkvæmdaáætlun er jafnframt áætlun við viðbótarrekstrarkostnað vegna framkvæmdanna. Áætlunin gerir ráð fyrir fullri opnun á þeim lyftum sem koma nýjar ásamt því að Skálafell verði opið virka daga yfir vetraropnunina. Viðbótar rekstrarkostnaður mun því koma inn á árunum 2020 – 2024 vegna framkvæmda á svæðinu. Áætlun gerir einnig gert ráð fyrir auknum tekjum á svæðinu á árunum 2020 -2024. Rekstraráætlunin mun endurskoðast á hverju ári.

Drög að tíma- og kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar Skíðasvæðanna.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Möguleg tímasetning uppbyggingar 2018 - 2025

Snjóframleiðsla og endurnýjun á stóalýftum

	2018 m.kr	2019 m.kr	2020 m.kr	2021 m.kr	2022 m.kr	2023 m.kr	2024 m.kr	2025 m.kr	SAMTALS m.kr
A Undirbúningur framkvæmda	32,00								32,00
B Snjóframleiðsla									0,00
1. áfangi. Bláfjöll		5,00	349,00						354,00
2. áfangi Skálafell					260,00				260,00
C Skíðalyftur									
Bláfjöll									
Ný drottning					420,00	742,20			1.162,20
Nýr Gosi		5,00	420,00	610,00					1.035,00
Eldborgargil 1)							140,00	370,00	510,00
Kerlingadalur, toglyfta							146,00		146,00
Skálafell									
Endurnýjuð stóalýfta 1)				310,00	349,00				659,00
SAMTALS	32,00	10,00	769,00	920,00	1.029,00	742,20	286,00	370,00	4.158,20

Áætluð framlög sveitarfélaga 2019 - 2024:	Hlutfall	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr
Reykjavík	56,5%	5,65	434	520	581	419	162	209	2.349
Kópavogur	16,2%	1,62	125	149	167	120	46	60	674
Hafnarfjörður	13,1%	1,31	101	121	135	97	37	48	545
Garðabær	7,2%	0,72	55	66	74	53	21	27	299
Mosfellsbær	5,0%	0,50	38	46	51	37	14	19	208
Seltjarnarnes:	2,0%	0,20	15	18	21	15	6	7	83

1) Gert er ráð fyrir að keypt verði notuð lyfta

NB: Gert er ráð fyrir 2 ára framkvæmdatíma við hverja lyftu, kostnaði skipt milli ára mv. hlutföll verkþátta hvers árs.

NB: Kostnaðartölur ber að skoða á þessu stigi með talsverðri óvissu þar sem hvorki hönnun né endanleg verð liggja fyrir

Hækkun rekstrarframlaga vegna framkvæmda á árunum 2020 - 2026 án verðlagsþækkanna.										
allar tölur eru í þúsundum króna										
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026		
Framlög 2020 samkvæmt samningi	172.597	184.148	184.148	184.148	184.148	184.148	184.148	184.148		184.148
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2020-07			10.501 *	21.001	21.001	21.001	21.001	21.001		21.001
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2022-01			0	6.000	20.722	20.722	20.722	20.722		20.722
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2023-01			0	0	3.000	79.336	79.336	79.336		79.336
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2024-01			0	0	0	0	13.126	13.126		13.126
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2025-01			0	0	0	0	0	588		588
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2026-01										15.716
	172.597	184.148	211.150	228.872	305.208	318.334	318.922	334.638		

Áætlun um rekstrarframlög sveitarfélaga til skíðasvæðanna frá	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Reykjavík	97.500	104.025	119.278	129.290	172.412	179.826	180.158	189.036
Kópavogur	27.991	29.864	34.243	37.118	49.497	51.626	51.721	54.270
Seltjarnarnes	3.531	3.767	4.319	4.682	6.244	6.512	6.524	6.846
Garðabær	12.339	13.165	15.095	16.362	21.819	22.757	22.799	23.923
Hafnarfjörður	22.559	24.068	27.598	29.914	39.891	41.607	41.683	43.738
Mosfellsbær	8.678	9.259	10.616	11.507	15.345	16.005	16.035	16.825
	172.597	184.148	211.150	228.872	305.208	318.334	318.922	334.638

Þessi áætlun gerir ekki ráð fyrir verðlagsþreyingum en rekstrar samningur skíðasvæðanna hefur verið bundin við vísitölu neysluverðs

*Viðbótar kostnaður við rekstrar samnings skíðasvæðanna vegna uppbyggingar er 10,5 mkr fyrir árið 2020.

Ár	Verkefni	Kostnaður	Sveitarfélag	Hlutf.	Fjárhæð
Hér er bætt við einu heilsársstöðugildi til að sjá um viðhald á snjóvélum.					
Heilt stöðugildi í hálfu ári.					
2020-07	Snjóframleiðsla, áfangi 1.	21.001.319	Reykjavík	56,9%	11.949.751
	Laun	17.698.919	Kópavogur	16,3%	3.423.215
	Viðhald	2.786.400	Seltjarnarnes	2,0%	420.026
	Annað	516.000	Garðabær All:	7,0%	1.470.092
			Hafnarfjörður	13,3%	2.793.175
			Mosfellsbær	4,5%	945.059
Hér er bætt við einu heilsársstöðugildi til að sjá um viðhald á stólaílyftum					
Einnig eru tveir ráðnir inn í 5 mán					
2022-01	Opnun Gosa alla daga	29.947.351	Reykjavík	56,9%	17.040.043
	Laun	20.619.351	Kópavogur	16,3%	4.881.418
Hluti fer inn	Viðhald	5.160.000	Seltjarnarnes	2,0%	598.947
2021-júlí	Aukin troðsla	1.032.000	Garðabær All:	7,0%	2.096.315
6 mkr	Yfirvinna 3 manns á opnunard.	2.104.000	Hafnarfjörður	13,3%	3.982.998
	Annað	1.032.000	Mosfellsbær	4,5%	1.347.631
Heilt stöðugildi í hálfu ári.					
2023-01	Snjóframleiðsla, áfangi 2	8.319.592	Reykjavík	56,9%	4.733.848
	Laun	5.017.192	Kópavogur	16,3%	1.356.094
Hluti fer inn	Viðhald	2.786.400	Seltjarnarnes	2,0%	166.392
2022-11	Annað	516.000	Garðabær All:	7,0%	582.371
3 mkr			Hafnarfjörður	13,3%	1.106.506
5,23 auka heilsársstöðugildi, þ.a. 1 í fullt starf allt árið					
2023-01	Opnun Skálafells alla daga á season	78.703.836	Reykjavík	56,9%	44.782.483
	Laun	53.935.836	Kópavogur	16,3%	12.828.725
	Viðhald	20.640.000	Seltjarnarnes	2,0%	1.574.077
	Aukin troðsla	5.160.000	Garðabær All:	7,0%	5.509.269
	Annað	4.128.000	Hafnarfjörður	13,3%	10.467.610
			Mosfellsbær	4,5%	3.541.673

Ár	Verkefni	Kostnaður	Sveitarfélag	Hlutf.	Fjárhæð
	Tveir starfsmenn í fullt starf í 5 mánuði				
2024-01	Ný Drottning	17.225.624	Reykjavík	56,9%	9.801.380
	Laun	7.937.624	Kópavogur	16,3%	2.807.777
	Viðhald	5.160.000	Seltjarnarnes	2,0%	344.512
	Aukin troðsla	1.032.000	Garðabær All:	7,0%	1.205.794
	Yfirvinna 3 manns á opnunard.	2.064.000	Hafnarfjörður	13,3%	2.291.008
	Annað	1.032.000	Mosfellsbær	4,5%	775.153
	Eitt stöðugildi í 4 mánuði.				
2025-01	Toglyfta í Kerlingardal	4.687.937	Reykjavík	56,9%	2.667.436
	Laun	1.591.937	Kópavogur	16,3%	764.134
	Troðsla eldsneyti	1.548.000	Seltjarnarnes	2,0%	93.759
	Viðhald	1.032.000	Garðabær All:	7,0%	328.156
	Annað	516.000	Hafnarfjörður	13,3%	623.496
			Mosfellsbær	4,5%	210.957
	Ásamt því að Eldborg er opin alla daga vikunnar.				
2026-01	Stólalyfta í Eldborg	21.353.624	Reykjavík	56,9%	12.150.212
	Laun	7.937.624	Kópavogur	16,3%	3.480.641
	Viðhald	5.160.000	Seltjarnarnes	2,0%	427.072
	Aukin troðsla	5.160.000	Garðabær All:	7,0%	1.494.754
	Yfirvinna 3 manns á opnunard.	2.064.000	Hafnarfjörður	13,3%	2.840.032
	Annað	1.032.000	Mosfellsbær	4,5%	960.913
Ár	Viðbótarrekstrarkostnaður pr ár Tillit tekið til tekjuaukningar	Tekjuaukning	Samtals viðbú Kr		
2020-07	21.001.319		Reykjavík	85.628.403	
2022-01	20.722.351	9.225.000	Kópavogur	24.529.753	
2023-01	79.335.929	7.687.500	Seltjarnarnes	3.009.786	
2024-01	13.125.624	4.100.000	Garðabær All:	10.534.250	
2025-01	587.937	4.100.000	Hafnarfjörður	20.015.075	
2026-01	15.716.124	5.637.500	Mosfellsbær	6.772.018	
Samtals	150.489.284	30.750.000			

Skíðasvæðin viðbótar rekstrarkostnaður vegna framkvæmda í Bláfjöllum

Minnisblað Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Efni minnisblaðs: Ósk um aukafjárveitingu vegna breytinga og fjölgunar á stöðugildum Skíðasvæðanna í kjölfar aukinnar kröfu um þjónustu.

Frá niðurskurði á rekstrarframlögum til Skíðasvæðanna árið 2008-9 hefur ekkert verið gert til að mæta rekstrarframlagsniðurskurði þess ára að undanskildu því að veitt var fé til opunar Skálafells um helgar frá 1. Feb og fram yfir páska ár hvert.

Síðan þá hefur þjónustustig Skíðasvæðanna breyst mikið í takt við óskir viðskiptavinarins. Til dæmis hafa sprottið upp æfingafélög ætluð snjóþrettum. Eitt slíkt félag er annað stærsta iðkendafélagið á Skíðasvæðunum. Með aukinni aðsókn brettafólks og skipulögðum æfingum er kallað eftir sífelldum stærri brettagarði. Vinna við slíkan garð tekur sömuleiðis meiri og meiri tíma og er nú orðið að nánast einn troðari sér eingöngu um brettagarð á hverri nóttu.

Krafan um skíðaskóla frá fyrsta opunardegnum er einnig mikil. Ekki er lengur hægt að bíða með að hefja kennslu þar til eftir áramót ef skíðasvæðin opna í desember. EF ekki á sér stað opnun er starfsmaðurinn nýttur í ýmist viðhald á fasteignum og lyftum svæðisins.

Einnig er ekki forsvarandlegt að hafa ekki ábyrgðaraðila til að stýra skíðaleigu ef opnun á sér stað í desember.

Lagt er til að breytingar eigi sér stað á stöðugildum til að bregðast við breyttum og auknum kröfum notenda.

- Umsjónarmaður skíðaleigu og starfsmaður skíðaskóla koma í vinnu 1. Des í stað 1. Jan ár hvert. Um leið og svæðið opnar sem er oftast í desember er gerð krafa um skíðaskóla og skíðaleigu. Hingað til höfum við ekki getað rekið skíða og brettaskóla í desember vegna vöntunar á umsjónarmanni en leigu höfum við getað rekið, alfarið mönnum af skólafólki sem gerir hvern dag mikið þúsluspil og óáreiðanlegri.
- 2 auka stöðugildi á tímabilinu 1. Jan -30. Apríl. 1 troðaramaður en aukning í kröfum á brettaparki og sömuleiðis ýtingum og óskum á göngubrautum hefur aukist verulega og krefst auka manns á troðara. Í dag eru 3 troðaramenn. 1 starfsmaður í fasta teymið sem sér um nýju lyftuna í norðurleið.
- Einnig að kokkur og aðili sem sér um uppgjör mæti til vinnu 1. nóv ár hvert í stað 15 nóv. Miðasala er að færast fram með tilkomu netsölu. Uppgjörsaðili sinnir því verkefni, gerir upp, framleiðir pöntuð kort og kemur þeim til viðskiptavinarins.

Árlegur heildarkostnaður við breytingar á stöðugildum er um 5.82 milljónir sem skiptist með eftirfarandi hætti á aðildarsveitarfélögin:

Reykjavík	3.3 millj.
Kópavogur	950 þús
Seltjarnarnes	120 þús
Garðabær	410 þús
Hafnarfjörður	780 þús
Mosfellsbær	260 þús

Magnús Árnason



Viðauki við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins frá 5.mars 2018.

Verkefnahópin skipa áfram sömu aðilar ásamt því að fulltrúi frá samstarfsnefnd skíðasvæðanna tekur sæti í verkefnihópnum.

- 1) Hlutverk verkefnahópsins er að sinna almennu samræmingarstarfi, eftirliti og eftirfylgni með uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins skv. fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á eigendafundi skíðasvæðanna 4.nóvember 2019 og þeim áætlunum sem síðar verða samþykktar vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.
- 2) Eftirfylgni og eftirlit með útboðum skv. framkvæmdaáætlun.
- 3) Eftirfylgni og eftirlit með þeim skipulagsmálum sem að framkvæmdinni snúa.
- 4) Eftirlit með verk-og framkvæmdaáætlunum uppbyggingar á skíðasvæðunum.
- 5) Samræming verkefna sem að framkvæmdunum snúa s.s. er varðar framkvæmdir vegna vatnsverndar.
- 6) Eftir atvikum upplýsingagiöf til stjórnar SSH og samstarfsnefndar skíðasvæðanna en ábyrgð upplýsingagjafar til fyrrgreindra aðila er hjá ÍTR skv. 7 gr.samnings ÍTR og SSH.

Til að fylgja verkefninu betur eftir mun ÍTR ráða til sín verkefnastjóra sem einnig fer með eftirlit framkvæmda. Verkefnastjóri mun sitja fundi verkefnahóps með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk verkefnisstjóra er:

1. Taka þátt og fylgja eftir útboði, samningum, hönnun og framkvæmd.
2. Halda verkkaupa upplýstum um stöðu verksins og gera grein fyrir frávikum ef einhver eru.
3. Funda með verkefnisstjórnunarhóp, ritun fundagerða hans o.fl sem að vinnu hópsins snýr.
4. Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisins í samráði við framkvæmdastjóra skíðasvæðanna.
5. Fylgjast með framkvæmdum á verkstað.
6. Samskipti við opinbera aðila fyrir hönd verkkaupa.
7. Fylgja eftir að verktaki fylgi kröfum opinberra aðila.

Hlutverk eftirlits er.

1. Hafa eftirlit með framkvæmd
2. Framvindu og gæðaeftirlit.

Að öðru leyti er fylgt eftir ákvæðum í samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna þmt sérstökum þjónustusamningi við ÍTR

Samþykkt ??? á eigendavettvangi skíðasvæðanna (stjórnarfundir SSH) 6. janúar 2020.

Samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður reka í sameiningu „Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins“, hér eftir nefnt SHB, eins og nánar er tilgreint í samstarfssamningi þessum. Samningurinn nær til starfsemi og reksturs SHB í Bláfjöllum og í Skálafelli.

Í samningi þessum er fjallað um stjórnunarleg og fjárhagsleg atriði og skuldbindingar aðila vegna þessa samstarfs.

1. Tilgangur, framtíðarsýn og meginmarkmið

1.1. Framtíðarsýn

Sveitarfélögin hafa sett sér eftirfarandi meginmarkmið og framtíðarsýn vegna reksturs skíðasvæðanna:

- Að skíðasvæðin veiti og skapi fjölskyldum í sveitarfélögunum fjölbreytta aðstöðu og tækifæri til að njóta útiveru og skemmtunar í öruggu umhverfi, og að uppeldis- og kynningarstarf sem tengist útivist og umgengni við náttúruna verði eftt.
- Með rekstri skíðasvæðanna verði sköpuð aðstaða fyrir þá íþróttamenn sem stunda skíðamennsku sem afreksíþrótt.
- Að markviss kynning á skíðasvæðunum meðal grunnskólanema, foreldra og almennings í sveitarfélögunum verði aukin. Jafnframt verði öllum grunnskólanemum í þeim sveitarfélögum sem að rekstri skíðasvæðanna koma veittur afsláttur að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Þá verði leitast við að auka upplýsingastreymi um starfsemi skíðasvæðanna m.a. á netinu og útgáfu kynningarefnis.
- Að lögð verði áhersla á aukna gæðastjórnun í öllum rekstrarþáttum og í því skyni verði á samningstímanum gerðar kannanir meðal gesta og starfsfólks um gæði og starfsemi skíðasvæðanna.
- Að lögð verði áhersla á að starfsemi skíðasvæðanna sé í sem bestu samræmi við umhverfið. Komið verði á verkferlum um umhverfismál þannig að tryggð sé að umgengni við náttúruna sé til fyrirmyndar
- Að tekjur af skíðasvæðunum standi undir rekstri svæðanna í nánustu framtíð og skíðasvæðunum verði skapaður rekstrargrundvöllur til að svo megi verða.

1.2. Meginmarkmið

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að markvissu starfi á þeim sviðum þjónustu, fyrir alla hópa skíðaiðkenda, sem skíðasvæðunum er ætlað að sinna og gera þeim mögulegt að bæta þjónustu sína. Með samningnum er einnig leitast við að tryggja sem besta nýtingu þess fjár sem lagt er til skíðasvæðanna með langtímaákvörðunum. Í þessu felst m.a. að skíðasvæðin

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Alco", "d. 3.4", and other illegible marks.

viðhaldi getu til að aðlaga starfsemi sína að breyttum kröfum og nýjum forsendum og að starfsfólk skíðasvæðanna búi á hverjum tíma yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að ná fram þessum markmiðum.

2. Eigendavettvangur, samstarfsnefnd og rekstrarfyriřkomulag

2.1 Eigendavettvangur skíðasvæðanna

Fulltrúar sveitarfélaganna í stjórn SSH hverju sinni mynda eigendavettvang vegna reksturs skíðasvæðanna. Á eigendavettvangi skal árlega fjallað um rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna, sem og önnur mál er varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki er mætt í rekstrar- og framkvæmdaáætlunum. Eigendavettvangurinn mótar endanlegar tillögur um framangreint til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar. Fundargerðir eigendavettvangsins skulu sendar sveitarfélögunum til upplýsinga og samþykktar.

2.2 Samstarfsnefnd skíðasvæðanna

Skipuð skal sérstök nefnd, Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem starfa skal sem ráðgefandi aðili gagnvart eigendavettvangi skíðasvæðanna. Aðildarsveitarfélögin kjósa einn fulltrúa til setu í samstarfsnefnd og einn til vara. Kjörgengir til setu í samstarfsnefndinni eru allir aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns. Sveitarfélögin skulu tilnefna fulltrúa sinn til setu í nefndinni fyrir lok árs 2016 og að afloknum sveitastjórnarkosningum 2018. Formaður skal kosinn á fyrsta fundi í janúar 2017 og strax eftir kosningar 2018. Hvert sveitarfélag greiðir sínum fulltrúa fyrir fundarsetu í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

Meginhlutverk samstarfsnefndar er:

1. Að móta tillögu að stefnu varðandi rekstur og uppbyggingu á svæðunum
2. Að móta tillögu að áætlun um rekstur, gjaldskrár og fjárfestingar
3. Að hafa eftirlit með rekstri í umboði eigendavettvangs skíðasvæðanna
4. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna ásamt stjórnendum skíðasvæðanna skal hafa nána samvinnu við skíðadeildir þeirra íþróttafélaga sem eru með starfsemi á skíðasvæðum.

Halda skal fundi í samstarfsnefndinni að jafnaði einu sinni í mánuði. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Þess utan metur formaður þörf fyrir frekari fundahöld. Þó skal halda fund komi um það skrifleg ósk frá stjórnarmanni. Samstarfsnefndin skal halda fundargerðabók og senda afrit af fundargerðum til eigendavettvangs skíðasvæðanna. Sviðsstjóri ÍTR situr fundi samstarfsnefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

2.3 Rekstrarfyriřkomulag

Rekstur skíðasvæðanna svo sem starfsmannahald, fjárreiður og bókhald verður á vegum ÍTR skv. sérstökum þjónustusamningi þar um, sbr. fylgiskjal 1.

Fjárhagsupplýsingar og milliuppgjör skulu sendar á 3 mánaða fresti til eigendavettvangs og aðildarsveitarfélaganna, og er það á ábyrgð ÍTR að senda þessar upplýsingar.

Fulltrúi Umhverfissviðs Kópavogs hefur heimild til setu á fundum nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the date 01.2.17.

2.4 Rekstrar- og framkvæmdaáætlanir

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna skal fyrir 1. september ár hvert móta tillögu að rekstrar- og framkvæmdaáætlun og gjaldskrá vegna reksturs skíðasvæðanna á komandi rekstrarári. Áætlunin skal lögð fyrir eigendavettvang sbr. grein 2.1. Forsendur rekstraráætlunar skulu taka mið af opnun og þjónustu í Bláfjöllum eins og verið hefur og helgaropnun í Skálafelli og eftir atvikum lengi opnun í Skálafelli, virka daga og um helgar í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs.

2.5 Rekstrarframlög eigenda

Til að sinna þeim verkefnum sem samningurinn kveður á um skal fjárveiting til reksturs skíðasvæðanna nema kr. 163.322.627.- árlega á samningstímanum sbr.fylgiskjal 2

Sveitarfélögin skipta með sér kostnaði við rekstur og framkvæmdir, viðhald og tækjakaup miðað við íbúafjölda 1. desember ár hvert. Framlag sveitarfélaga til rekstrar tekur mið af launabreytingum og verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í ágúst 2016. Fjárhagsáætlun er háð samþykki á fjárhagsáætlun sveitarfélaga ár hvert.

Rekstrarafgangur á skíðasvæðunum færir á milli ára eða nýtist til sérstakra verkefna skv. tillögu samstarfsnefndar til SSH, ef rekja má hann með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar. Með góðri fjármálastjórnun er m.a. átt við árangursríkrar endurskipulagningar á vinnu og verkefnum sem leiðir til hagkvæmari reksturs án þess að skerða áformaða þjónustu. Einnig er vísað til hagkvæmari innkaupa sem lækka verð á aðkeyptri vöru og/eða þjónustu án þess að skerða áformaða þjónustu. Sýna þarf fram á að afgangurinn starfi af góðri fjármálastjórnun og góðum rekstri. Skíðasvæðin veiti alla þjónustu, samkvæmt samningi þessum.

Rekstrarhalli á skíðasvæðunum færir á milli ára ef hann verður ekki beinlínis rakinn til óhagstæðra ytri áhrifa. Sveitarfélögin geta fallist á að halli flytjist ekki milli ára ef ytri aðstæður eða sérstök atvik koma til sem sveitarfélögin meta gild.

2.6 Stofnkostnaður og nýframkvæmdir

Fjárframlög til nýframkvæmda, endurbóta og tækjakaupa skulu á samningstímanum koma til viðbótar þeim fjárveitingum sem sveitarfélögin veita skíðasvæðunum til reksturs skíðasvæðanna sbr. 2.5. gr. samnings þessa.

Ákvörðun um framlag til nýframkvæmda á samningstímanum verður tekin í tengslum við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir ár hvert.

Sveitarfélögin skipta með sér framlaginu og miðað skal við fólksfjölda í sveitarfélagunum þann 1. janúar ár hvert og skal taka mið af verðlagsbreytingum, en vísitala þessa samnings er miðuð við vísitölu neysluverðs í janúar 2017.

Fjárfestingaframlag aðildarsveitarfélaganna verður eignfært hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Verði farið í byggingu þjónustuhúss í Skálafelli verði það samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, skíðasvæðanna og viðkomandi íþróttafélags.

Fyrir liggja samþykktir deiliskipulagsskilmálar fyrir skíðasvæðin. Skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við þá skilmála.

2.7 Eignfærsla

Aðildarsveitarfélög SHB eru eigendur allra þeirra mannvirkja sem tengjast skíðaiðkun og eru í fólkvangi Bláfjalla og í Skálafelli að undanskildum eignum íþróttafélaganna

Samkvæmt reikningskilareglum er gert ráð fyrir því að fjárfestingaframlag aðildarsveitarfélaganna sé eignfært hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem framlag til starfseminnar.

Ef aðildarsveitarfélag hættir samstarfinu, getur það ekki gert kröfu um endurgreiðslu fjárfestingaframlagsins. Verði hins vegar samkomulag um að leysa upp samstarfið., skal reikna fjárfestingaframlag hvers sveitarfélags til samstarfsins frá upphafi samstarfsins, til

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature that appears to be 'Ako' and several other initials and scribbles.

verðlags á upplausnardegi og fá þannig eignarhlutdeild hvers sveitarfélags í þeim heildarverðmætum sem fyrir eignirnar kann að fást við sölu, eða kann að verða til skipt með öðrum aðferðum.

3. Starfsmannamál

Sviðsstjóri ÍTR ræður framkvæmdastjóra skíðasvæðanna eftir umsögn samstarfsnefndar skíðasvæðanna. Framkvæmdastjórinn er starfsmaður ÍTR, og næsti yfirmaður hans er sviðsstjóri ÍTR. Aðrir starfsmenn skíðasvæðanna eru ráðnir af framkvæmdastjóra skíðasvæða og eru starfsmenn ÍTR.

Framkvæmdastjóri skíðasvæðanna fer með stjórn á öllum daglegum rekstri skíðasvæðanna og skal sitja fundi samstarfsnefndar skíðasvæðanna með málfrelsi og tillögurétt. Hann hefur svigrúm til ákvarðana innan fjárhagsáætlunar skíðasvæðanna hverju sinni. Framkvæmdastjóri skal gera starfsáætlun og fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá sem leggja skal fyrir samstarfsnefnd SHB sbr. grein 2.4.

4. Önnur ákvæði

4.1. Breytingar á samstarfssamningi

Óski önnur sveitarfélög eftir því að taka þátt í samstarfi þessu, eða komi upp hugmyndir um breytingar á þessum samstarfssamningi, skal samkomulag þar að lútandi háð samþykki allra sveitarfélaganna sem aðild eiga að samstarfsnefnd hverju sinni. Sama gildir ef tillaga kemur fram um að leggja starfsemina niður og leysa upp það samstarf sem á samþykktum þessum byggir. Hvert sveitarfélag getur einhliða ákveðið að hætta þátttöku í samstarfinu að loknum þeim skuldbindingum sem sveitarfélagið hefur tekið á sig samkvæmt gildandi samstarfssamningi.

4.2. Snjóframleiðsla – sérákvæði

Aðilum þessa samnings er ljóst að snjóframleiðsla á skíðasvæðunum er ein meginforsenda þess að unnt sé að halda úti árangursríkum rekstri og þjónustu skíðasvæðanna. Af þeim sökum er hafinn undirbúningur að ákvörðun um fjárfestingu á nauðsynlegum búnaði til þeirrar framleiðslu.

Fyrir liggur niðurstaða heildarendurskoðunar á vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins. Sveitarfélögin eru sammála um að áfram verði unnið að nauðsynlegum undirbúningi fyrir ákvarðanatöku, þannig að fjárhagslegar og tæknilegar niðurstöður þess undirbúnings verði tilbúnar þegar niðurstöður áhættugreiningar vegna vatnsverndar liggja fyrir.

5. Gildistaka, gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningurinn tekur gildi frá og með 1. janúar 2017 og er gildistími árin 2017-2021. Heimilt er að endurskoða samninginn ef ófyrirséðar aðstæður valda því eða ef ákvæði samningsins eru talin óraunhæf að mati samningsaðila svo sem vegna breytinga á rekstrarumhverfi skíðasvæðanna og/ eða sveitarfélaganna.

Aðilar skulu fyrir 1. maí 2020 ákveða sameiginlega hvort stefna skuli að gerð nýs samstarfssamnings, er þessi rennur út.

C. 12/1
2020
20.20
JH
DO

Ákvæði til bráðabirgða:


Þar til fyrir liggur niðurstaða varðandi framtíðarskipan stjórna Bláfjallafólkvangs og Reykjanesfólkvangs skulu fulltrúar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna sinna því hlutverki sem skilgreint er í fyrri samþykkt um stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og lúta að stjórnun fólkvanganna.

Kópavogi, 7. nóvember 2016

F.h. sveitarfélaga




Reykjavík



Kópavogur



Hafnarfjörður



Garðabær



Mosfellsbær



Seltjarnarnesbær



Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, sem sameiginlega reka skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins gera með sér eftirfarandi samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæðanna í Bláfjöllum og í Skálafelli.

1. Forsendur

Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins hefur sett fram tillögu að stefnumótun um uppbyggingu og framtíðarsýn fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins til ársins 2030.

Stjórn SSH samþykkti hinn 5. mars 2018 að skipa sérstakan verkefnahóp til að undirbúa aðgerðir á grundvelli þessarar tillögu, þ.m.t. að setja fram hugmyndir að forgangsörðun og áfangaskiptingu verkefna.

Verkefnahópurinn lagði fram tillögu til stjórnar SSH þar sem lagt er til að á árunum 2018-2024 verði ráðist í framkvæmdir við nauðsynlegan búnað til snjóframleiðslu og endurnýjun 3ja lyfta í Bláfjöllum og endurnýjun stólalyftu í Skálafelli.

2. Verkefnin - forgangsörðun og áætluð tímasetning

Sveitarfélögin samþykkja að á árunum 2018-2024 verði fjárfest í endurnýjun á lyftubúnaði og búnaði til snjóframleiðslu á skíðasvæðunum sem hér segir:

Gr. 12/18
Bls. 1 | 4

2.1. Endurnýjun lyftubúnaðar:

Bláfjöll

Ný stólalyfta „Drottning“ í breyttri legu ásamt nauðsynlegum aðgerðum og aðlögun á brautum og endastöðvum.
Áætluð tímasetning framkvæmda 2019-2020.

Ný stólalyfta „Gosi“ í Suðurgili í breyttri legu ásamt nauðsynlegum aðgerðum og aðlögun á brautum og endastöðvum.
Áætluð tímasetning: 2022-2023.

Notuð stólalyfta í Eldborgargil ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum.
Áætluð tímasetning: 2023-2024.

Ný toglyfta úr Kerlingadal.
Áætluð tímasetning: 2023.

Skálafell:

Notuð stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum
Áætluð tímasetning framkvæmda: 2020-2021.

2.2. Snjóframleiðsla

1. áfangi snjóframleiðslu – Bláfjöll; heimatorfan, Kóngsgil og Öxlin.
2. áfangi snjóframleiðslu - Skálafell eða suðursvæði í Bláfjöllum.

Ofangreind verkefnaáætlun og tímasetningar geta breyst ef upp koma tæknilegar eða skipulagslegar ástæður sem kalla á endurskoðun tímasetninganna.

2.3. Skíðagönguleiðir o.fl.

Unnið verði að áframhaldandi uppbyggingu á skíðagöngusvæði með uppsetningu snjógirðinga, stika og merkinga, auk þess sem annar áfangi snjóframleiðslu nýtist til að treysta snjóalög á gönguleiðum og lengja tímabilið fyrir gönguskíðafólk.

3. Framkvæmdakostnaður og fjármögnun.

Áætlaður framkvæmdakostnaður vegna þeirra verkefna sem talin eru upp í lið 2 hér að framan er um 3.600 m. króna, og dreifing hans á árin 2018 – 2024 er áætluð eins og fram kemur í fylgiskjali 1 með samningi þessum.

Gert er ráð fyrir að á árinu 2018 verði varið allt að 30 m. króna vegna nauðsynlegs tæknilegs og fjárhagslegs undirbúnings framangreindra verkefna. Skoðað verði sérstaklega í þeirri vinnu hvort unnt verður með hagkvæmum hætti að bjóða út kaup á lyftubúnaði í einu lagi með fjármögnum í samræmi við greiðsludreifingu í fylgiskjali 1.

G. 2018
Bis. 2 | 4



Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir sem af samningi þessum leiðir í samræmi við þær tímasetningar sem fram koma í 2 grein og þá skiptingu kostnaðar sem sýnd er í fylgiskjali 1 með samningi þessum.

Fyrir gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2019 mun verkefnahópur vegna uppbyggingar skíðasvæðanna skila til stjórnar SSH ítarlegri greiningu á vali á hagkvæmasta fyrirkomulagi útboða og innkaupa, kostnaði vegna verkefnanna og greiningu á mismunandi möguleikum við fjármögnun verkefnanna.

Komi í ljós við frekari kostnaðargreiningu vegna verkefnanna veruleg frávik frá þeim forsendum sem samkomulag þetta byggist á, skal stjórn SSH sem eigendavettvangur skíðasvæðanna gera aðildarsveitarfélögunum viðvart og setja fram tillögur um viðbrögð.

4. Umsjón, eftirlit og stjórnun framkvæmda

Stjórn SSH sem eigendavettvangur skíðasvæðanna fer með yfirumsjón með framkvæmd samnings þessa.

Verkefnahópur vegna uppbyggingar skíðasvæðanna mun vinna áfram í samræmi við erindisbréf hópsins og skila stjórn SSH tímalega fyrir gerð fjárhagsáætlana ársins 2019.

Dagleg verkefnastjórnun verður í höndum sviðsstjóra ÍTR og framkvæmdastjóra skíðasvæðanna, auk aðkeyptrar þjónustu verkfræðistofa og sérstakra eftirlitsaðila sem þörf er á hverju sinni.

5. Samráð á undirbúnings- og framkvæmdatíma

Á undirbúnings- og framkvæmdatíma skal haft samráð við neðangreinda aðila eftir því sem þörf krefur og við á:

- Skipulagsyfirkvöld í Kópavogi vegna deiliskipulags og framkvæmda í Bláfjöllum.
- Skipulagsyfirkvöld í Reykjavík vegna deiliskipulags og framkvæmda í Skálafelli.
- Skipulagsyfirkvöld í sveitarfélaginu Ölfuss.
- Framkvæmdastjórn vatnsverndar og heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vegna vatnsverndar og nauðsynlegra mótvægisáðgerða vegna framkvæmda í Bláfjöllum.
- Vegagerðina vegna nauðsynlegra mótvægisáðgerða á aðkomuleið að skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
- Samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna.
- Sérstakan 3 manna samráðshóp Skíðaráðs Reykjavíkur vegna samráðs um tæknilegar útfærslur í tengslum við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum.


Bls. 3 | 4

6. Annað

Samhliða endurnýjun og uppbyggingu mannvirkja skíðasvæðanna verða kannaðir möguleikar á að koma á tengingu almenningssamganga við skíðasvæðin til að auðvelda aðgengi að þeim og draga úr álagi innan vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins vegna umferðar einkabíla.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar fyrir liggur staðfesting allra neðangreindra sveitarfélaga.


Bláfjöllum, Kópavogi
7. maí 2018




f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar




f.h. Kópavogsbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



f.h. Mosfellsbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



f.h. Garðabæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



f.h. Seltjarnarneskaupstaðar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Möguleg tímasetning uppbyggingar 2018 - 2024
Snjóframleiðsla og endurnýjun á stólalyftum

Fylgiskjal 1

	2018 m.kr	2019 m.kr	2020 m.kr	2021 m.kr	2022 m.kr	2023 m.kr	2024 m.kr	SAMTALS m.kr
A Undirbúningur framkvæmda	30							30
B Snjóframleiðsla								0
1. áfangi		270						270
2. áfangi 1)				220				220
C Skíðalyftur								
Bláfjöll								
Ný drottning		370	570					940
Nýr Gosi					370	570		940
Eldborgargil 2)						140	340	480
Kerlingadalur, toglyfta						90		90
Skálafell								
Endurnýjuð stólalyfta 2)			310	310				620
SAMTALS	30	640	880	530	370	800	340	3590

Áætluð framlög sveitarfélaga 2019 - 2024:	Hlutfall	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr
Reykjavík	56.9%	364	500	301	210	455	193	2,025
Kópavogur	16.3%	104	143	86	60	130	55	579
Hafnarfjörður	13.3%	85	117	70	49	106	45	472
Garðabær	7.0%	45	62	37	26	56	24	250
Mosfellsbær	4.5%	29	40	24	17	36	15	161
Seltjarnarnes:	2.1%	13	18	11	8	16	7	73

1) Ekki tekin afstaða til þess hvort þessi áfangi verði í Skálafelli eða Bláfjöllum

2) Gert er ráð fyrir að keypt verði notuð lyfta

NB: Gert er ráð fyrir 2 ára framkvæmdatíma við hverja lyftu, kostnaði skipt milli ára mv. hlutföll verkþátta hvers árs.

NB: Kostnaðartölur ber að skoða á þessu stigi með talsverðri óvissu þar sem hvorki hönnun né endanleg verð liggja fyrir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins Erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs

Fyrir liggja drög að framtíðarsýn á uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til ársins 2030. Þar eru settar fram tillögur að þeim aðgerðum sem ráðast þarf í vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðanna í samræmi við þá sýn sem þar er dregin upp.

Fyrir liggur að fara ítarlegar yfir þessar hugmyndir, greina þær betur og setja fram ígrundaða tillögu til sveitarfélaganna um markvissa áfangaskiptingu þar sem horft er til nauðsynlegrar forgangsröðunar verkefna, áætlaðrar fjárfestingar og áfangaskiptingar. Samhliða því þarf að ljúka vinnu við nýtt deiliskipulag skíðasvæðanna þar sem horft verður til þeirra uppbyggingar mannvirkja sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi tillögum um uppbyggingu og framtíðarrekstur, þ.m.t. uppsetningu nauðsynlegs búnaðar til snjóframleiðslu og endurnýjun og endurbætur á lyftum.

Til að sinna ofangreindu skipar stjórn SSH, sem eigendavettvangur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, sérstakan verkefnishóp til að undirbúa næstu skref í máli. Hlutverk hópsins er að móta ítarlega tillögu að aðgerða- og framkvæmdaáætlun sem byggir á ofangreindum drögum að framtíðarsýn fyrir stjórn SSH sem leggja þarf fyrir sveitarfélögin til afgreiðslu vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir 2019 og gerð 3 ára áætlana. Samhliða skal hópurinn greina hvaða breytingar eru nauðsynlegar á núverandi samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna vegna framkvæmda og reksturs sem af tillögnum leiðir.

Verkefnahópurinn skipa:

Sviðsstjóri ÍTR
Framkvæmdastjóri skíðasvæðanna
Sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar
Fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar
Framkvæmdastjóri SSH

Verkefni hópsins:

1. Samstarf við Kópavogsbæ vegna áframhaldandi vinnu deiliskipulag fyrir skíðasvæðin í Bláfjöllum og yfirferð á stöðu deiliskipulagsvinnu í Skálafelli.
2. Gerð ítarlegrar framkvæmdaáætlunar og tillögu að forgangsröðun og áfangaskiptingu og mat á áhrifum á rekstur skíðasvæðanna. Í þeirri vinnu verði m.a. horft til nauðsynlegra mótvægisáðgerða v. vatsnverndar.
3. Gerð tillögu að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna í samræmi við niðurstöður í lið 1 og lið 2.

Heimilt er að kalla til utanaðkomandi ráðgjafa vegna ofangreindra verkefna eftir því sem þörf er á.

Hópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum sínum til stjórnar SSH í tveimur áföngum, annars vegar áfangaskýrslu fyrir lok maímánaðar, og fullmótuðum niðurstöðum eigi síðar en í lok águstmánaðar 2018.

Samþykkt á stjórnarfundum SSH 5. mars 2018.